Nd. **162. Frumvarp**

til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í hreppssjóð, sem nefnist lóðargjald.

Hreppsnefndin ákveður upphæð lóðargjaldsins til eins eða fleiri ára í senn. Þó má ekki ákveða gjaldið lægra en 1% og ekki hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og ekki lægra en ½% nje hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má aldrei vera minna en 2 — tvær — krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja, sem á þeim eru gerð. — Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess sem reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af jarðeignanefnd Húsavíkurhrepps, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. — Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignanefnd, hve mikið af verðinu er í mannvirkjum og hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþyktar af hreppsnefnd.

2. gr.

Lóðargjald eftir lögum þessum greiðir eigandi, ef það er einstakur maður eða fjelag, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða; þá greiðist lóðargjaldið af eiganda leigurjettindanna.

3. gr.

Gjalddagi lóðargjalda er sá sami og gjalddagi annara hreppsgjalda. Lóðargjöldin má taka lögtaki.

4. gr.

Jarðeignanefnd Húsavíkurhrepps skal skipuð þremur mönnum, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn, í fyrsta skifti strax eftir að lög þessi öðlast gildi. Skal nefndin hafa umsjón og eftirlit með jarðeignum hreppsins, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Heimilt er að skipa í jarðeignanefnd menn utan hreppsnefndar, og getur enginn hreppsbúi skorast undan að taka sæti í nefndinni og gegna störfum í henni eitt kjörtímabil.

Ef sæti losnar í nefndinni áður en kjörtímabil er á enda, kýs hreppsnefnd mann í hið auða sæti fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.